

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Flekkudals, Kjósarhreppi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 2. maí 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi í landi Flekkudals.

Breytingin felur í sér að byggingarskilmálum fyrir Nesveg 4 og 6 verður breytt hvað varðar þakform og mænisstefnu frístundahúsa sem í gildandi deiliskipulagi er 20-45°. Eftir breytingu er þakform frjálst sem og mænisstefna. Breyting deiliskipulagsins sem telst vera óveruleg hefur verið grenndarkynnt án athugasemda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 13. september 2019.*

**Karl Magnús Kristjánsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. september 2019